



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 599

Sigríður Valdimarsdóttir

(1904-2001)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 599

Sigríður Valdimarsdóttir

(1904-2001)

Formáli

Sigríður Valdimarsdóttir fæddist 14. maí 1904 á Fremri-Arnardal við Skutulsfjörð. Foreldrar hennar voru Valdimar Jónsson fæddur 29. mars 1866 og Elín Hannibalsdóttir fædd 4. ágúst 1866. Systkini Sigríðar voru Guðrún fædd 1897 ljósmóðir í Bolungarvík og Reykjavík, Jón, fæddur 1900 vélsmiður á Ísafirði, Hannibal fæddur 1903 alþingismaður, Finnbogi Rútur fæddur 1906 ritstjóri, bæjarstjóri í Kópavogi, alþingismaður og bankastjóri, og Arnór fæddur 1908, loftskeytamaður. Sigríður lést í maí 2001.

Sigríður Valdimarsdóttir starfaði alla sína starfsævi sem talsímakona og starfsmaður Landsíma Íslands á Ísafirði og í Reykjavík. Hún varð formaður Vestfirðingafélagsins 1953 og stofnaði Menningarsjóðs vestfirskrar æsku í minningu Matthildar Hannibalsdóttur móðursystur sinnar árið 1967. Úr þeim sjóði hefur milljónum króna verið varið til þess að styrkja vestfirsk ungmenni til mennta.

Heimild: Mbl. 15. maí 2004 - www.mbl.is/greinasafn/grein/798297/

Sjá einnig E-600, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Hulda Jakobsdóttir

Afhending: Guðrún Finnbogadóttir 25. júlí 2016

Innihald: Sendibréf, heillaskeyti, póstkort, kort, myndir o.fl.

Tímabil: 1920-2001

Magn: 2 öskjur

Skjalaskrá

Askja 1

Sendibréf 1920-1999

Örk 1

Sendibréf til Sigríðar frá Elínu á Hvanná o.fl. 1920-1957.

Sendibréf til Sigríðar frá ýmsum 1964-1969.

Örk 2

Sendibréf til Sigríðar frá Auði Rútsdóttur í Osló 1952-1973.

Sendibréf frá Sigríði til Auðar 1952-1976.

Örk 3

Sendibréf til Sigríðar frá Renate Weinem, Ísleifi Weinem Hannibalssyni og syninum Rolf 1968-1998.

Sendibréf til Sigríðar frá Gustel Weinem, móður Ísleifs 1966-1977.

Örk 4

Sendibréf til Sigríðar frá Hannibal Valdimarssyni í Selárdal 1977.

Sendibréf til Sigríðar frá ýmsum 1966-1999.

Askja 2

Bréf o.fl. 1918-2001

Örk 1

Skírnarvottorð Sigríðar Valdimarsdóttur 1918.

Prófskírteini Sigríðar Valdimarsdóttur frá Gagnfræðaskóla Akureyrar 1921 ásamt bréfi frá skólameistara.

Minnisbók.

Minnispunktar um Maríu Bóthildi Jakóbínu Maack Pétursdóttur 1978.

Minnismiðar, umslag.

Ljóð *Ilmur úr grasi*, Guðmundur Ingi Kristjánsson 1935.

Ljóð flutt á Vestfirðingamóti á Þingvöllum 23. maí 1970.

Skipunarbréf Sigríðar Valdimarsdóttur í starf sem 2. flokks skrifari við ritsímastöðina í Reykjavík 1939.

Skipunarbréf Sigríðar Valdimarsdóttur í starf sem 1. flokks skrifari hjá Landssímanum 1942.

Skipunarbréf Sigríðar Valdimarsdóttur, með heimild ráðherra, um starf sem II. bókari hjá Landssímanum frá 1. júlí 1953.

Veðskuldabréf Sigríðar Valdimarsdóttur 1960.

Veðbókavottorð 1996.

Forsetabréf til Auðar Rútsdóttur um veitingu á heiðurspeningi forseta Íslands í maí 1955.

Vátryggingaskírteini fyrir Njálsgötu 76, Reykjavík 1946.

Bréf og umsóknir varðandi Menningarsjóð vestfiskrar æsku 1970-2001.

Bréf 1975 með beiðni um að fjarlægja þvottavélaleiðslur úr þurrhúsi 1975.

Endurrit úr dómabók bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 3759/1964, Hússtjórn húsfélagsins Birkimelur 8-8a-8b gegn Önnu Þórhallsdóttur, kveðinn upp 1967.

Örk 2

Afrit af verksamningi Byggingarsamvinnufélags símamanna og Jakobs Jóhannessonar um að leggja rafmagn, hringinga- og símalögn í símamannabústaðinn við Birkimel (8- 8A og 8B). Afborganir af lánum, reikningar, félagsskírteini o.fl., 1943-1954.

Örk 3

Bréf til og frá Sigríði frá lögfræðingi vegna dánarbús og arfs í Danmörku 1974.

Handrit *Móðir mín bóndakonan*, án árs.

Minnispunktar frá Vestfirðingafélaginu 1974.

Vestfirðingafélagið, matseðill 1971.

Umslag: Reikningar, kvittanir, yfirlit, minnismiðar o.fl. 1957-1987.

Umslag: Jólakort, póstkort, símskeyti, afmæliskveðjur, samúðarkort o.fl. 1970-1992

Umslag: Ljósmyndir og filmur, m.a. Auður Rúriksdóttir, Sigríður Valdimarsdóttir, Elín Hannibalsdóttir, Renate, Ísleifur Hannibalsson og Rolf Weinem.

Viðtal við Sigríði Valdimarsdóttur, *Í talsambandi við liðna tíð* í Morgunblaðinu 26. júlí 1998.

Skráð í september 2016,
Jakóbína Sveinsdóttir